

LÖG

um breytingu á lögum nr. 139/2005, um starfsmannaleigur, með síðari breytingum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en starfsemi“ í 1. mgr. 2. gr. laganna kemur: eigi síðar en sama dag og starfsemin.

2. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 3. gr. laganna:

- a. Við 1. mgr. bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Fulltrúinn getur verið einn af þeim starfsmönnum starfsmannaleigunnar sem starfa hér á landi.
- b. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en“ í 2. mgr. kemur: eigi síðar en sama dag og.
- c. 4. mgr. fellur brott.

3. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á 4. gr. laganna:

- a. Í stað orðanna „átta virkum dögum áður en þjónustan er veitt“ í 1. málsl. 1. mgr. kemur: sama dag og starfsemin hefst hér á landi.
- b. Í stað orðanna „upplýsingar um að viðkomandi starfsmenn njóti almannatryggingaverndar í heimaríki (E-101)“ í 1. tölul. 1. mgr. kemur: upplýsingar um hvort viðkomandi starfsmenn njóta almannatryggingaverndar í heimaríki.
- c. Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 2. mgr. kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi starfsmannaleigunnar hófst hér á landi.

4. gr.

Í stað orðanna „áður en þjónustan er veitt“ í 1. mgr. 4. gr. a laganna kemur: eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að starfsemi hlutaðeigandi starfsmannaleigu hófst hér á landi.

5. gr.

Á eftir 11. gr. laganna kemur ný grein, 11. gr. a, svohljóðandi, ásamt fyrirsögn:

Dagsektir.

Fari starfsmannaleiga ekki að lögum þessum getur Vinnumálastofnun krafist þess að hlutaðeigandi fyrirtæki bæti úr annmörkunum innan hæfilegs frests að viðlögðum dagsektum.

Ákvörðun um dagsektir skv. 1. mgr. skal tilkynnt skriflega á sannanlegan hátt því fyrirtæki sem hún beinist að. Dagsektir geta numið allt að 100.000 kr. hvern dag. Við ákvörðun fjárhæðar dagsekta skal meðal annars líta til fjölda starfsmanna fyrirtækisins og hversu umsvifamikill viðkomandi atvinnurekstur er.

Ákvarðanir Vinnuálastofnunar um dagsektir eru aðfararhæfar. Dagsektir skulu renna í ríkissjóð.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 28. september 2011.

Ólafur Ragnar Grímsson.
(L. S.)

Guðbjartur Hannesson.

A-deild – Útgáfud.: 30. september 2011